

**Nd.**

**63. Nefndarálit**

[6. mál]

um frv. til laga um almannavarnir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. var tekið fyrir og rætt ýtarlega á fjórum fundum í nefndinni. Mætti hjá nefndinni til viðræðna Ágúst Valfells, sem ráðinn hefur verið af ríkisstjórninni til þess að undirbúa og skipuleggja almannavarnir, og gaf hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um hættur af sprengjuárásum, sem kynnu að verða gerðar á landið eða umhverfis það, og hvernig helzt mætti draga úr því tjóni, er slíkar árásir hefðu í för með sér. Tjáði hann nefndinni, að hann hefði undanfarið unnið að því að kynna sér, svo sem frekast væri unnt, í hverju telja mætti hætturnar einkum fólgnar og hvaðan þeirra væri helzt að vænta, svo og hvaða vörnum yrði helzt við komið til þess að draga úr tjóni af sprengingum og geislavirkni, ef til árásar kæmi. Væri m. a. verið að vinna að því að skipuleggja varnaraðgerðir og semja reglur og leiðbeiningar fyrir almenning til þess að fara eftir, ef til árásar kæmi.

Lög um varnir gegn loftárásum voru fyrst sett af ríkisstjórninni 1940 og staðfest á Alþingi 1941. Lög þessi eru enn í gildi, en nokkrar breytingar voru gerðar á þeim 1942 og 1951. Öll meginákvæði þessara laga eru tekin upp í frv. það, sem nú er lagt fram um almannavarnir, með nokkrum viðauka til samræmis breyttum aðstæðum, m. a. vegna stórákinnar áhættu sprengjuárása og tjóna af völdum þeirra. M. a. er í því gert ráð fyrir, að framkvæmd varnarmálanna sé undir stjórn eins manns, er skipuleggi og stjórnir varnarmálunum í samráði við ýmsa embættismenn,

sem samkvæmt gildandi lögum eiga að hafa framkvæmd laganna á hendi, en vitað er, að eru önnur kafnir við embættisstörf sín. Þá er einnig í frv. allmikil breyting á skiptingu kostnaðar við varnirnar á milli ríkis og sveitarfélaga frá því, sem er í gildandi lögum, sveitarfélögunum til hagsbóta.

Frv. var lagt fram á síðasta þingi og fékk þá mjög rækilega athugun í heilbr.- og félmn. Ræddi nefndin þá við þá aðila, sem samkvæmt gildandi lögum hafa á hendi framkvæmdina, svo og aðra, sem málið varðar sérstaklega. Var frv. þá og sent til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem mælir með því, að það verði samþykkt, og er umsögnin birt hér með sem fylgiskjal. Með því að ekki gafst tími til að láta báðar deildir þingsins athuga frumv., svo sem til er ætlað um jafnþýðingarmikið mál, en Alþingi hafði hins vegar með fjárveitingu til almannaavarna sýnt vilja sinn í málinu, var það afgreitt með rökstuddri dagskrá og þar tekið fram, að frv. skyldi lagt á ný fyrir þetta þing. Er frv. því lagt fram nú óbreytt frá því, sem það var á síðasta þingi.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HV) leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, og mun því gefa út sérstakt nefndarálit. Meiri hl. telur, að skipa beri þessum málum í fastari skorður en gert er með gildandi lögum og að ástandið í heimsmálunum sé svo úggvænlegt, að nauðsynlegt sé og sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til að vernda líf og heilsu þegna þjóðfélagsins, ef til ófriðar kynni að koma, sem haft gæti í för með sér árás á Ísland eða sprengjuárásir í nálægð þess, og telur, að ákvæði frv. fari öll í þá átt að hægja hættum af slíkum árásum frá, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 17. gr. Aftan við 2. mgr. bætist:  
eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.
2. Við 25. gr. 3. málgr. orðist svo:  
Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannaavarna en um getur í 1. og 2. málgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.

Einn nefndarmanna (VG) áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja öðrum. sem fram kynnu að koma, og skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 26. okt. 1962.

Gisli Jónsson,      Birgir Finnsson,      Matthías Á. Mathiesen.      Valtýr Guðjónsson,  
form., frsm.      fundaskr.      með fyrirvara.

#### Fylgiskjal.

#### SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 9. apríl 1962.

Samkvæmt tilmælum heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis var frumvarp til laga um almannaavarnir, sem nú liggur fyrir Alþingi, lagt fyrir fulltrúaráðsfund Sambands íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, en fundur þessi stóð 6. og 7. þ. m. hér í Reykjavík.

Um málið var fjallað í sérstakri nefnd.

Fulltrúaráðsfundurinn samþykkti í einu hljóði eftirfarandi tillögu varðandi mál þetta:

„Fulltrúaráðsfundur Sambands isl. sveitarfélaga 1962 telur frv. til laga um almannavarnir, sem liggur fyrir Alþingi, stefna í rétta átt, einkum að því leyti, að ríkisvaldinu er falið að skipa fyrir um varnarráðstafanir eða hafa þar forgöngu í samráði við sveitarfélögin, svo og að úr ríkissjóði er ætlað að greiða riflegri hluta kostnaðar en skv. gildandi lögum.

Lýsir fundurinn því stuðningi við frv., en treystir því jafnframt, að ríkisstjórnin hafi nána samvinnu við sveitarstjórnir, er stofna skal til ráðstafana á kostnað sveitarsjóðanna.“

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis,  
Alþingi,  
Reykjavík.